



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/1179
komudagur 27.1.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, nefndarsvið
Eiríkur Áki Eggertsson
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

T-ums 01/11

Reykjavík, 27. janúar 2011
20110107190

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003,
um tekjuskatt - sjúkdómatryggingar - 300. mál, þskj. 353.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. janúar 2011 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í frumvarpinu er lagt til að bætur úr sjúkdómatryggingum sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010 verði ekki skattlagðar. Samkvæmt þessu er lagt til að skattskylda og/eða skattlagning bóta sem þessara verði felld niður fram að greindu tímamarki og ákvæði A-liðs 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, taki síðan óheft til þeirra bóta, sem greiddar eru úr tryggingum, sem keyptar eru eftir 1. desember 2010.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að skattskylda tekna eða undanþága frá skattskyldu er samkvæmt lagahefð mörkuð í upphafi lagasetningar og ræðst síðan skattframkvæmd af gildistöku laga. Tekjuskattslög eru samkvæmt því bindandi og fer framkvæmd þeirra og skattlagning tekna fram í samræmi við skýringar skattyfirvalda, fordæmi yfirsattanefndar og niðurstöður dómstóla. Skattaðilum ber að hlíta þessu lögbundna fyrirkomulagi - og er slíkt alla jafna viðurkennt af öllum aðilum. Fátítt er því að virkni einstakra laga sé felld niður tímabundið til að bregðast við ástandi sem helgast af aðgerðar- eða sinnuleysi þeirra sem lögin taka til.

Í máli því sem hér er til úrlausnar er óvenjulegt að kveðið sé á um breyttar skattlagningar reglur að því að séð verður vegna rangtúlkunar söluaðila trygginga á gildandi skattalögum. Er sérstök ástæða til að áréttu að það fellur ekki innan verksviðs váttryggingafélaga að ákveða einhliða hvert í sínu lagi að nafngreindar bætur eftir mismunandi skilmálum séu skattfrjálsar á þeim grundvelli einum að byggt sé á ákvæðum váttryggingalaga, að því er virðist. Slík aðferðafræði og háttsemi er alfarið á ábyrgð þess, sem telur sig þess umkominn að taka slíkar ákvarðanir. Aftur á móti, ef vafi leikur á um hvort tekjur séu skattskyldar ber að leita álit ríkisskattstjóra á því og eftir atvikum hafa uppi málátilbúnað gagnvart yfirsattanefnd eða dómstólum. Slíka leið fóru váttryggingafélögin ekki í þessu tilviki þrátt fyrir að þau hefðu ríka ástæðu til þess vegna lögfylgna fyrir eigin starfssemi sem og með hagsmuni viðskiptamanna í huga.

Samkvæmt 6. mgr. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, getur ríkisskattstjóri ákveðið almenna skyldu til að afhenda upplýsingar og skýrslur um atriði er máli skipta varðandi álagningu skatta. Árlega birtir ríkisskattstjóri auglýsingu um skil á upplýsingum, vegna


framtalsgerðar. Samkvæmt þessum auglýsingum eru skilaskyldir allir þeir sem m.a. hafa innt af hendi bætur og skiptir þá ekki máli hvort um skattfrjálsar eða skattskyldar bætur sé að ræða. Hlutaðeigandi aðilar virðast ekki hafa farið eftir þessum ákvæðum og er það álit ríkisskattstjóra að váttryggingafélögin hafi ekki eingöngu brotið gegn ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með því að hafa greitt bæturnar út án þess að halda eftir staðgreiðslu af þeim, heldur einnig gegn ákvæðum 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Verða þá engin orð höfð uppi hér á þessum vettvangi hvernig þetta horfir við gagnvart viðskiptamönnum váttryggingafélaganna - bótaþegunum - sem standa í ákveðinni trú sem söluaðilar trygginga hafa byggt sölu trygginganna á.

Lagafrumvarp það sem hér er til umsagnar kveður á um, að bætur vegna sjúkdómatrygginga sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010 verði ekki skattlagðar. Ríkisskattstjóri hefur fullan skilning á að vilji standi til þess að bótaþegar sem allir búa við veikindi, greiði ekki skatt vegna þeirra aðstæðna. Einhverjir þeirra hafa án efa, einnig fengið ívilnun frá skattgreiðslum í samræmi við ákvæði 65. gr. tekjuskattslaga. Rétt er þó að vekja athygli á að fyrirhugað skattfrelsi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins munu kalla á utanumhald sem fyrirséð er að standi yfir ókomna áratugi.

Þá er það álit ríkisskattstjóra að sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir séu um margt óvenjuleg, einkum það að breyta skattlagningu og taka upp skattfrelsi en síðan taki við taki endurvakin og ótvíræð skattskylda í samræmi við upphaflegt og núgildandi ákvæði 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Slík leið er í eðli sínu mótsagnakennd og gengur gegn grundvallartilgangi frumvarpsins að undanþygga bótaþega skattlagningu.

Virðingarfyllst


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún J. Jónsdóttir